



Alþingi
Erindi nr. P 131/1475
komudagur 22. 4. 2005



EMBÆTTI YFIRDÝRALÆKNIS

Landbúnaðarnefnd, Alþingis
Elín Valdís Þorsteinsdóttir, Nefndaritari
150 REYKJAVÍK

Sölvhólgata 7 - 150 Reykjavík
Sími: 545 9750, bréfasími 552 1160
kt 660169-5399
www.yfirdyralaeknir.is

Reykjavík, 21. apríl 2005
Tilvísun: YDL05030026/110
HR/--

Umsögn um frumvarp til laga um Landbúnaðarstofnun.

Vísað er til bréfs landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 13. apríl 2005, þar sem óskað er umsagnar yfirdýralæknis um frumvörp til laga um Landbúnaðarstofnun, 700. mál, og breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar, 701. mál.

I. Frumvarp til laga um Landbúnaðarstofnun, 700. mál.

Yfirdýralæknir fagnar því að frumvarp þetta er fram komið. Mál þetta hefur legið í loftinu um nokkurt skeið og full ástæða er til að sameina þær helstu stofnanir sem starfa á vegum landbúnaðarráðuneytisins að stjórnsýslu og eftirliti.

Yfirdýralæknir gerir þó eftirfarandi tillögur við einstakar greinar frumvarpsins.

1. 3. grein orðist svo (breytingar eru feitletraðar):

Við stofnunina starfar forstjóri skipaður af landbúnaðarráðherra til fimm ára í senn. Skal forstjóri vera menntaður dýralæknir með prófgráðu á því sviði. Hann skal jafnframt hafa öðlast stjórnunarreynslu. Forstjóri, **sem jafnframt er yfirdýralæknir**, fer með yfirstjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjarhagslegum rekstri hennar.

Greinargerð:

Yfirdýralæknir telur mjög mikilvægt að tekið sé fram að forstjóri skuli vera menntaður dýralæknir með æðri prófgráðu og að forstjórinn sé jafnframt yfirdýralæknir. Ljóst má vera að höfundar frumvarpsins og systurfrumvarpsins, sjá 701. mál, ætla forstjóra þetta hlutverk og þá er talið nauðsynlegt að það komi skýrt fram í lagatextanum. Þessu til stuðnings er bent á 37. grein í 701. máli, þar sem fjallað er um breytingar á lyfjalögum nr. 93/1994, en þar segir: *Í stað orðsins "yfirdýralæknir" í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: forstjóri Landbúnaðarstofnunar.* Það sama má lesa úr 33. gr. sama frumvarps.

Varðandi mikilvægi þess að forstjóri sé jafnframt yfirdýralæknir, þá skiptir það miklu máli bæði gagnvart málefnum innanlands og erlendis. Það má ekki vera neinn vafi á því hver fer með þetta mikilvæga hlutverk og að á milli hans og ráðherra sé enginn milliliður þegar taka þarf skjótar og mikilvægar ákvarðanir, t.d. ákvarðanir sem gætu sett yfirburðastöðu Íslands varðandi dýrasjúkdóma í hættu. Það er einnig hættu á, að yfirdýralæknir yrði beittur þrýstingi við ákvörðun sína, t.d. um mál sem varða dýravernd, dýrasjúkdóma eða matvælaöryggi, ef forstjóri hefði ekki menntun til að skilja mikilvægi þess að slíkar ákvarðanir væru teknar á faglegum forsendum. Það er

mikilvægt fyrir ráðherra að geta treyst því að ákvörðun yfirdýralæknis sé tekin með faglegar forsendur í fyrirrúmi. Það er ekki síður mikilvægt fyrir fjölmörg erlend samskipti og einnig fyrir útflutning á íslenskum búvörum og í sumum tilfellum sjávarfangi, að staða Yfirdýralæknis eða Chief Veterinary Officer sé sem sterkust.

2. Við ákvæði til bráðabirgða bætist III. liður sem orðist svo:

Launakjör þeirra aðila sem nú falla undir Kjaranefnd, en munu eftir gildistöku laganna falla undir almenna kjarasamninga viðkomandi stéttarfélags háskólamanna við fjármálaráðuneytið, skulu gilda þar til um annað hefur verið samið.

Greinargerð:

Það er mikilvægt fyrir nýja stofnun að geta tryggt sér áframhaldandi starfskrafta þeirra sem þetta ákvæði nær til í núverandi stofnunum, t.d með því að laun þeirra verði óbreytt þar til um annað er samið.

II. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar, 701. mál.

Eftirfarandi tillögur eru gerðar:

1. 26. grein orðist svo(breytingar eru feitletraðar):

Í stað orðanna “Bændasamtökum Íslands” í 4.gr. laganna, sömu orða í 10. gr. og 11. gr. og tvívegis í 13. gr. laganna, og orðsins “Bændasamtakanna” í 13. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Landbúnaðarstofnun.

Greinargerð:

26. gr. IX. kafla frumvarpsins fjallar um breytingar á lögum nr. 103/2002, um búfjárhald og fleira. Það er í fullu samræmi við tilgang þess að færa ýmis stjórnsýsluverkefni frá Bændasamtökum Íslands til Landbúnaðarstofnunar, að ákvæði 10. greinar sem fjalla um samræmingu á störfum búfjárefirlitsins falli einnig undir þessa grein frumvarpsins.


2. Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætist(breytingar eru feitletraðar):

Sveitarstjórn er heimilt að setja samþykkt um búfjárhald. Landbúnaðarráðherra staðfestir slíka samþykkt og birtir í Stjórnartíðindum að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og **Landbúnaðarstofnunar**.

Greinargerð:

Eðlilegt má teljast miðað við ætlað hlutverk Landbúnaðarstofnunar að einnig skuli fengin umsögn hennar við staðfestingu slíkra samþykka.

Virðingarfyllst,



Halldór Runólfsson
yfirdýralæknir